

## LÖG

### um breyting á lögum nr. 46/1987, um gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Við 5. gr. bætist ný málsgrein sem hljóði svo:

Komi í ljós fyrir eða eftir álagningu að tekjur þessar hafi ekki verið rétt tilgreindar, sbr. 4. gr. þessara laga, skal skattstjóri endurákværða gjaldstofna og gjöld viðkomandi framteljanda. Um endurákvörðun slíkra gjaldstofna og álagningu gjalda gilda ákvæði IX.–XIV. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, þar með talin ákvæðin um álag og refsingar, innheimtu og ábyrgð.

#### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu gjalda gjaldárið 1988 á tekjur ársins 1987.

*Gjört í Reykjavík, 28. desember 1987.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Jón Baldvin Hannibalsson.*

## LÖG

### um breyting á lögum nr. 95/1980, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Stjórn sjóðsins sér um ávöxtun á fé hans og skal það gert á eftirfarandi hátt:

1. Í ríkisskuldabréfum og skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
2. Í skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga.
3. Í bönkum og sparisjóðum sem fullnægja ákvæðum laga nr. 86/1985 eða laga nr. 87/1985 eða í skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ofangreindra aðila.
4. Í skuldabréfum stofnlánasjóða atvinnuveganna, fjárfestingarstofnana eða annarra lánastofnana en þeirra sem áður er getið, enda starfi þær samkvæmt sérstökum lögum eða Seðlabanki Íslands hafi veitt þeim viðurkenningu í þessu skyni.